

## RELAXATION CENTRE

NUDD OG SNYRTING

## GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek  
GarðabæjarOpíð 9-18:30 virka daga  
Opíð 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

04. tölublað 36. árgangur. Fimmtudagur 30. janúar 2025

## 20 ÁRA REYNSLA

Þjónusta þína fasteign þar til hún selst  
og aðstoða við kaup á nýrri fasteignÉg vil vinna  
fyrir þig.

Hannes

Löggiltur fasteignasali

699 5008

hannes@fastlind.is

LIND  
FASTEIGNASALA

FASTEIGNASALAN  
**TORG**

KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR

Darri Örn  
löggiltur fasteignasali  
Sími 767-0000

**FLATEY**  
PIZZA NAPOLETANA  
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval  
HEILSA & HÁRNINGJA

**24/7**  
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

Einkunn Garðabæjar  
hækkar í nánast öllum liðumGallup kannaði ánægju með þjónustu stærstu  
sveitarfélaga landsins í nýrri þjónustukönnun

Stór meirihluti íbúa Garðabæjar er ánægður með að búa í Garðabæ. Þetta leiða niðurstöður nýrrar þjónustukönnunar Gallup í ljós þar sem 91% svaranda segjast vera ánægð með Garðabæ sem stað til að búa á.

Markmið könnunar Gallups er að kanna ánægju með þjónustu stærstu sveitarfélaga landsins, gera samanburð þeirra á milli og

fylgjast með breytingum frá fyrri mælingum. Í könnuninni er spurt út í ánægju með þætti á borð við aðstöðu til íþróttaiðkunar, þjónustu grunn- og leikskóla, skipulagsmál og þjónustu við barnafjölskyldur. Könnunin var framkvæmd dagana 22. nóvember 2024 til 6. janúar 2025.

Einkunn Garðabæjar hækkar í nánast öllum liðum á milli ára. (Sjá frh. á bls. 2).

KOMINNTÍMA  
SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á [frumherji.is](http://frumherji.is)

Frumherji

HAFÍÐ  
FISKVERSLUN  
- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

YUZU HEFUR OPNAÐ Í  
LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

YUZU

LEMON

MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

**30%**  
AFSLÁTTUR  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR

VILDARKORT  
LIND  
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)



# Kæru Garðbæingar

Það kom mér í opnu skjöldu um síðustu áramót þegar ég uppgötvaði að það eru 20 ár síðan ég hóf störf sem sóknarprestur í Garðabænum. Þetta hefur verið gríðarlega dýrmætur tími og ég fer ekki ofan af því að það er ekki hægt að vera í betri söfnuði að þjóna. Samstaðan með kirkjunni og stuðningur við starfið er ósvikið. Ég hef oft mætt kærleika og stuðningi frá fólki í okkar frábæra bæjarfélagi, en aldrei eins og í vetur þegar ég hef horft fram á að greinast með krabbamein. Ég vil þakka fyrir allan stuðninginn sem hefur streymt til mín, það hefur verið ómetanlegt.



Jóna Hrönn Bolladóttir

Nú í lok janúar fer ég í veikindaleyfi, þar sem ég er á leið til Svíþjóðar í meðferð. Hvað varðar prestsþjónustuna þá munu prestarnir Sigurvin Lárus Jónsson og Matthildur Bjarnadóttir skiptast á að sinna sóknarprestshlutverkinu. Þá kemur sr. Arna Grétarsdóttir inn í hálfu prestsstöðu næstu mánuðina þeim til stuðnings, en hún er sóknarprestur í Reynivallaprestakall og þjónar þar samhliða afleysingunni.

Þegar stóru lífsverkefni koma upp í fangið okkar er dýrmætt að eiga góða að og það á ég í svo breiðum skilningi. Ég er

svo lánsöm að geta farið frá með þá vissu í hug og hjarta að allt mun vera í góðum höndum og ég er þakklát fyrir að vera borin á bænarörum. Orðin sem ég fer með mér til Svíþjóðar eru stóðugt lifandi í mínu hjarta, en aldrei eins og núna: „Þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér, sproti þinn og stafur hugga mig. (Davíðssálmur 23:4)

Kær kveðja,  
Jóna Hrönn Bolladóttir

Framhald af forsiðu Einkunn Garðabæjar hækkar í nánast öllum liðum

## 91% íbúa Garðabæjar ánægður með að búa í Garðabæ

### Mikil ánægja með þjónustu við fjölskyldur og barnafólk

Skorið sem snýr að heildaránægju með sveitarfélagið sem stað til að búa á hækkar á milli ára og er nú 4,3 (á kvarðanum 1-5). Garðabær er talsvert yfir meðaltali sveitarfélaga í langflestum liðum. Sérstaklega er þó vert er að vekja athygli á niðurstöðum er snúa að skólamálu í bænum.

### Garðabær skorar hæst í þjónustu grunnskóla

Þegar kemur að ánægju með þjónustu grunnskóla sveitarfélagsins skorar Garðabær hæst í samanburði níu stærstu sveitarfélaganna, með 4,1.

Garðabær mælist einnig vel þegar kemur að þjónustu við barnafjölskyldur. Þar er Garðabær með skorið 3,9, sem er hækkan um 0,2 á milli ára.

Þegar spurt er út í leikskólamálin kemur Garðabær vel út, með 4,1 og er þar meðal þeirra sveitarfélaga sem eru með hæsta skor. Þetta er hækkan um 0,3 á milli ára sem sýnir enn frekar að þær umfangsmiklu breytingar sem gerðar voru



á leikskólaumhverfinu í bænum hafa skilað árangri.

Niðurstöður er snúa að aðstöðu til íþróttaiðkunar í bænum annars vegar og gæðum umhverfis í nágrenni við heimili svarenda eru einnig eftirtektarverðar, hvorutveggja er 4,2.

### Gefur góða innsýn í upplifun bæjarbúa

„Það gleður mig að sjá að bæjarbúar eru ánægðir með þjónustu Garðabæjar. Niðurstöður könnunarinnar gefa okkur góða

Niðurstöður er snúa að aðstöðu til íþróttaiðkunar í bænum annars vegar og gæðum umhverfis í nágrenni við heimili svarenda eru einnig eftirtektarverðar

innsýn inn í upplifun bæjarbúa og þar af leiðandi tækifæri til að gera betur og halda áfram að bæta þjónustuna,“ segir Almar Guðmundsson, bærstjóri Garðabæjar.

Niðurstöður fyrir Garðabæ úr þjónustukönnuninni eru aðgengilegar á vef Garðabæjar og þar má jafnframt sjá niðurstöður til samanburðar úr eldri könnunum.

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bærstjórn Garðabæjar auglýsir hér með vinnslutillögu skipulagsnefndar að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts til forkygningar, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts

Tillagan fjallar um golvöll í Vetrarmýri, íþróttæfingasvæði við Miðgarð, útivistarskóg í Smalaholti og náttúrugarð við Vífilsstaðavatn. Einnig fjallar skipulagið um umferðarmál á svæðinu og fest er lega framlengds Vífilsstaðavegar, Flóttamannavegar og Elliðavatnsvegar í breyttri legu. Fjallað er sérstaklega um umferðartengingar úr Hnoðraholti í Leirdalsop, þ.e. Vorbraut við Þorrasali. Sá kafla vegarins er tekin út úr deiliskipulagi Hnoðraholts norður og færður inn í deiliskipulag það sem hér er um ræðir. Leiðbeinandi lega stíga er ákvörðuð sem og staðsetning nýrra undirganga við Vífilsstaðavatn.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 81/2025).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gerfynn kostur á að senda inn rafrænar ábendingar til og með 24. febrúar 2025 í gegnum vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), eða á netfangið [skipulag@gardabaer.is](mailto:skipulag@gardabaer.is).



FRÍMANN & HÁLFÐÁN  
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann  
897 2468



Hálfðán  
898 5765



Ólöf  
898 3075



Jón  
793 4455

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
[www.uth.is](http://www.uth.is) - [uth@uth.is](mailto:uth@uth.is)



Vefmiðill Garðapóstsins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

## Frumflutningur á Tónlistarnæringu

Miðvikudaginn 5. febrúar kl. 12.15 verða þrjú verk fyrir píanó og fiðlu eftir John Speight frumflutt í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Það er píanóleikarinn Sveinbjörg Vilhjálmssdóttir og fiðuleikarinn Martin Frewer sem flytja verkin. Tónleikarnir eru liður í Tónlistarnæringu sem fer fram fyrsta miðvikudag í mánuði. Aðgangur ókeypis.

John Speight starfaði sem söngvari og kennari eftir að hann fluttist til Íslands árið 1972 auk þess að vera kórstjóri Bessastaðakirkju í 15 ár. Undir lok áttunda áratugarins fór hann að semja í meira mæli svo sem fimm sínfóniur, tvær óperur, sjö einleikskonserter, jólaóratóriu, fjölda kammervverka og tæplega 100 einsöngslög. Jólaóratórian var valin tónverk ársins 2002



og diskur með píanóeinleiksvörum Johns í flutningi Peter Maté tónverk ársins 2021. John Speight hlaut árið 2023 heiðurs-

viðurkenningu Garðabæjar fyrir ómetanlegt starf í þágu menningar.

## Tilboð Ískraft var 69,33% undir kostnaðaráætlun

Garðabær hefur undirritað samning við Ískraft um kaup á LED-lömpum vegna endurnýjunar á gatna- og stígalýsingu og nýrra framkvæmda. Svæðið sem lamparnir eru ætlaðir í samanstendur af opnum svæðum, göngustígum, húsgötum og safn- og tengigötum.

### Tilboð upp á 169.918.028 kr.

Garðabær hefur undirritað samning við Ískraft um úttegun LED-lampa fyrir eldri hverfi Garðabæjar og einnig í ný hverfi sem verið er að reisa. Auglýst var eftir tilboði í verkið í október 2024 og bárust níu tilboð. Tilboð Ískraft, kr. 169.918.028, var 69,33% undir kostnaðaráætlun Garðabæjar.

Lögð var sérstök áhersla á myrkurgæði, þ.e.a.s. að draga úr óþarfa ljósmengun, við val á lömpum þar sem ljósi er beint að jörðu og alfarið er forðast að lýsa upp fyrir staurahæð eða á nærliggjandi mann-



Almar Guðmundsson, bærstjóri Garðabæjar, og Ragnar Martensson Lövdahl, vörustjóri á lýsingarsviði Ískraft, undirrituðu samninginn í Sveinatungu, fundarsal Garðabæjar.

virki. Lamparnir eru ætlaðir fyrir fimm til tíu metrar háa staura og eru ætlaðir á ýmist göngustíga, opin svæði, safngötum, húsgötum og safn- og tengigötum.



# BYD

Stærsta rafbílamerki í heimi

# SEALION 7

**4x4** Staðalbúnaður, brot af því besta:

- 91,3 kWh rafhlaða
- 1500 kg dráttargeta
- 578 lítra farangursrými
- Drægni: 502-615 km (WLTP)
- 230 kWh hraðhleðsla 10-80% á 24 min



Verð: 8.890.000 kr

Orkusjóður: -900.000 kr

# 7.990.000 kr

[www.byd.is](http://www.byd.is) - [soludeild@vatt.is](mailto:soludeild@vatt.is)

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

 **vatt** ehf



# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 6. febrúar.

Síðasti skiladagur föstudaginn 31. janúar  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 36 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésón  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)

# K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is  
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

# Hafliði Kristinsson er Garðbæingurinn okkar 2024

Garðbæingurinn okkar 2024 er Hafliði Kristinsson, formaður íbúasamtakanna í Urriðaholti og fjölskyldu- og hjónabandsráðgjafi, en Garðbæingurinn okkar var útfendur sl, fimmtudag við hátíðlega athöfn í Sveinatungu á Garðatorgi.

Garðabær óskaði eftir tilnefningum frá bæjarbúum og bárust 111 fjölbreyttar tilnefningar. Tilnefningarnar voru svo bornar undir dómnefnd sem útfendi Hafliða sem Garðbæing ársins 2024 og hún veitti einnig fjórum einstaklingum viðurkenningar fyrir að setja svip sinn á bæjarbraginn.

Í rökstuðningi dómnefndar og í tilnefningum frá bæjarbúum er Hafliða lýst sem vítaminsprautu sem heldur Garðabæ og íbúum Urriðaholts við efnið þegar kemur að þróun og uppbyggingu hverfisins. „Hafliði er mættarstölpur í samfélaginu í Urriðaholti. Hann hefur með störfum sínum sem formaður íbúasamtaka Urriðaholts markað djúp spor í þróun og eflingu hverfisins. Sjálfbærastarf hans í Urriðaholti hefur ekki aðeins haldið Garðabæ við efnið, heldur einnig íbúum hverfisins.“

Almar Guðmundsson, bærarstjóri Garðabæjar, og Margrét Bjarnadóttir, forseti bærarstjórnar, voru dómnefnd til halds og traust við athöfnina. „Hafliði er ávallt virkur í samtali við íbúa hverfisins, hlustar af athygli og tryggir að raddir þeirra heyrast. Fá hverfi geta státað af jafn vel sóttum íbúafundum og Urriðaholti og íbúasiða hverfisins heldur öllum við efnið. Þar hefur Hafliði reynt vera mjög góður milliliður, en hann hefur lagt sig fram um að viðhalda reglulegu sambandi við bærarstjórn Garðabæjar til að tryggja að brýn verkefni fái þá athygli sem þau þurfa,“ sagði Almar meðal annars.

Tónlist var í höndum Ásgeirs Ásgeirssonar og Rakelar Sigurðardóttur og fluttu þau nokkur lög, meðal annars það þarf fólk eins og þig, fyrir fólk eins og mig, eftir Rúnar Júlíusson.

### Heiðruð fyrir framlag sitt til Garðabæjar

Fjórir aðrir einstaklingar voru einnig heiðruð fyrir að setja svip sinn á bæjarbraginn.

Erla Jónsdóttir, vaktstjóri í Ásgarðsloaug. Í rökstuðningi dómnefndar og tilnefningum segir meðal annars: „Erla hefur ávallt tekið á móti öllum, stórum sem smáum, með bros á vör. Það er erfitt að finna manneskju sem leggur jafn mikla alúð í starf sitt og Erla – hún er alltaf jákvæð, til í spjall og vinnur vinnuna sína 100%.“

Þórunn Birna Björgvinsdóttir, kirkjuvörður í Víðalínaskirkju. Í rökstuðningi dómnefndar um Þórunni og tilnefningum segir meðal annars: „Sem kirkjuvörður gegnir hún mikilvægu hlutverki við að þjónusta bæjarbúa og skapa jákvæða og hlýja upplifun fyrir alla sem leita til hennar. Hún hefur verið ómetanlegur stuðningur á viðkvæmstu, gleðilegustu en líka erfiðum stundum í lífi fólks. Þórunn er brosmild, lausnamiðuð og passar að öll sem verða á hennar vegi labbi bæði södd og sæl frá henni.“

Gunnar Hrafn Richardson, verkefnastjóri tækni- og tómstundarmála hjá Garðabæ. Í rökstuðningi dómnefndar og tilnefningum segir meðal annars: „Gunnar er alltaf reiðubúinn að aðstoða aðra, hvort sem það er í verkahring hans eða ekki. Hann er svo sannarlega til þjónustu reiðubúinn. Hann er gegnheil maður sem hefur unnið traust og virðingu allra sem hafa kynnst honum.“



Almar Guðmundsson, Margrét Bjarnadóttir, Páll Ásgrímur, Hafliði Kristinsson, Ingimundur Jóhannsson, Birna Guðmundsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir



Erla Jónsdóttir, vaktstjóri í Ásgarðsloaug



Gunnar Hrafn Richardson, verkefnastjóri tækni- og tómstundarmála hjá Garðabæ



Freyja Huginsdóttir, meðlimur í ungmenningaráði Garðabæjar



Börn Þórunnar tóku við verðlauninum fyrir hönd móður sinnar sem gat ekki verið viðstödd

### Hugmyndin á bak við Garðbæinginn okkar

Hugmyndina að því að velja Garðbæinginn okkar átti Andrea Róbertsdóttir, íbúi í Garðabæ. Með því að útnefna „Garðbæinginn okkar“ erum við að þakka fyrir það sem vel er gert, þakka einstaklingi fyrir sitt framlag, þeim sem eru til fyrirmyndar á einhvern hátt og minna okkur á að við getum öll haft áhrif. Til greina komu Garðbæingar en einnig fólk sem starfar eða dvelur í bænum til lengri eða skemmi tíma og hefur jákvæð áhrif á nærumhverfi sitt. Garðbæingurinn okkar 2023 var Páll Ásgrímur Jónsson, eða Páló eins og hann er alltaf kallaður.

Freyja Huginsdóttir, meðlimur í ungmenningaráði Garðabæjar, fékk sérstaka hvatningu sem ung manneskja sem hefur margt fram að færa. Í rökstuðningi dómnefndar og tilnefningum segir meðal annars: „Freyja hefur sýnt það í félagsstörfum sínum að hún er svo sannarlega til fyrirmyndar. Hún er framtíðar leiðtogi, og í raun orðin að leiðtoga. Freyja er jákvæð, réttsýn og sýnir mikinn karakter. Hún hefur einstakt lag á að snúa neikvæðu andrúmslofti í betri farveg og draga fram jákvæðni.“





FASTEIGNASALAN

**TORG**

KRAFTUR • TRAUST • ÁRANGUR

**VIÐ  
VEITUM  
TOPP  
ÞJÓNUSTU!**

**Sigurður Gunnlaugsson**  
Framkvæmdastjóri / eigandi  
Fasteigna- fyrirtækja- og skipasali

s. 898-6106  
[sigurdur@fstorg.is](mailto:sigurdur@fstorg.is)





# Kaldalónshöllin á Álftanesi

Kaldalón styður við öflugt uppbyggingarstarf körfuboltans á Álftanesi



„Við vonum að félagið geti nýtt sér þennan samning til að efla ungliðastarf, fjölga iðkendum og styrkja þá glæsilegu umgjörð sem er í kringum körfuboltann á Álftanesi,“ segir Jón Þór Gunnarsson forstjóri Kaldalóns

Fasteignafélagið Kaldalón og körfuknattleiksdeild Álftaness hafa gengið frá samstarfsamningi til þriggja ára. Með samningnum styður Kaldalón við öflugt uppbyggingarstarf körfuboltans á Álftanesi og verður einn helsti bakhjarl liðsins. Þá mun heimavöllur Álftaness í körfunni næstu þrjú ár bera nafnið Kaldalónshöllin.

Samningurinn var formlega undirritaður fyrir leik liðsins í átta liða úrslitum VÍS-bikarsins gegn Stjörnunni í síðustu viku. Næsti leikur er í Skógarseli í kvöld, fimmtudaginn kl. 19:15 þegar Álftanes heimsækir ÍR í hörkuviðeign.

## Mikil lyftistöng fyrir starfið á Álftanesi

Huginn Freyr Þorsteinsson formaður körfuknattleiksdeildar Álftaness segir að stuðningur Kaldalóns við starfið sé

mikil lyftistöng fyrir Álftanes og hið mikla starf sem er að baki körfuknattleiksdeildinni. „Við öll sem komum að starfinu hér á Álftanesi erum afar þakklát fyrir þennan stuðning og kemur sér í vel til að halda áfram á þeirri vegferð sem við erum. Starfið hér hefur vaxið mjög hratt og mikil uppsveifla í iðkendum yngri flokka,“ segir hann.

## Mikil ánægja að koma að uppbyggingu körfuboltans á Álftanesi

„Uppbygging körfuboltans á Álftanes hefur vakið mikla eftirtekt. Okkur er mikil ánægja að koma að þessari uppbyggingu og renna styrkari stoðum undir hana,“ segir Jón Þór Gunnarsson forstjóri Kaldalóns og bætir við: „Við vonum að félagið geti nýtt sér þennan samning til að efla ungliðastarf, fjölga iðkendum og styrkja þá glæsilegu umgjörð sem er í kringum körfuboltann á Álftanesi.“

# 49 nýjar íbúðir í Hnoðraholti



Sala á íbúðum í Hnoðraholti hefst í mars og afhending á fyrsta húsinu er áformuð í lok apríl eða byrjun maí

Reir Verk ehf. vinnur að fullum krafti við uppbyggingu Þorrahólts 1 í Hnoðraholti í Garðabæ. Verkefnið felur í sér byggingu þriggja og fjöggra hæða húsnæðis með 49 íbúðum og bílageymslu. Framkvæmdir hófust í upphafi árs 2023 og er gert ráð fyrir afhendingu íbúða á vormánuðum 2025.

Samsetning íbúðanna er fjölbreytt til að mæta breyttum þörfum markaðarins en í húsunum verða 9 tveggja herbergja íbúðir, 27 þriggja herbergja íbúðir, 9 fjögurra herbergja íbúðir ásamt 4 rúmgóðum þakíbúðum.

Rannveig Eir Einarsdóttir, forstjóri Reir Verk, segir að samsetningin endurspeglar þarfir markaðar og henti því öllum aldurshópum. „Reir Verk leggur mikla áherslu á að skila fallegum og vönduðum íbúðum. Innanhússhönnun íbúðanna var á hendi Bjarka Snæs Smárasonar, sem er innanhússhönnuður frá Istituto Europeo di Design í Milanó. Hann hefur lagt grunninn að vali á litum, efni og innréttingum sem endurspeglar klassískt og láttlaust yfirbragð. Litir og efnisval tryggja að íbúðirnar henti sem flestum og létti kaupendum að skapa sitt eigið heimili. Öllum íbúðum fylgja vönd-



Rannveig Eir Einarsdóttir, forstjóri Reir verk

uð heimilistæki, með inniföldum ísskáp og uppþvottavél. Baðherbergin eru með innbyggðum blöndunartækjum,“ segir hún.

## Staðsetningin frábær og hentar öllum aldurshópum

Staðsetning Þorrahólts er frábær og hentar öllum aldurshópum, hvort sem um er að ræða einstaklinga, fjölskyldur eða þá sem eru að minnka við sig eftir að börnin hafa flutt að heiman. Hverfið er nálægt útivistarsvæði eins og Heiðmörk og Vífilstaðavatni. Fyrir golfáhugafólk eru golfvelli

í næsta nágrenni. Auk þess er stutt í verslanir eins og Smáralind og nálæggar sérsverslanir.”

## Leggjum mikla áherslu á að halda kostnaði niðri

Ég verð þó að spyrja þig að því að lokum hvort það taki ekki aðeins í að standa í framkvæmdum á þessum tíma hárra vaxta og verðbólgu? „Jú, aðstæður eru krefjandi, en við leggjum mikla áherslu á að halda kostnaði niðri eins og hægt er án þess að slaka á gæðum. Við vinnum á hagkvæman hátt á öllum sviðum framkvæmda. Verð íbúðanna hefur ekki endanlega verið ákveðið en stefnt er að því að kynna það fljótlega,“ segir Rannveig, en ásamt verkefni Reir Verk í Hnoðraholti vinnur félagið að uppbyggingu á Stefnisvogi nálægt smábátahöfninni í Reykjavík. Þar verða byggðar tæplega 300 íbúðir á næstu misserum.

Framkvæmdir hófust sem fyrr segir árið 2023 í Hnoðraholti og hafa framkvæmdir gengið vel. Sala á íbúðum hefst í mars, og afhending á fyrsta húsinu er áformuð í lok apríl eða byrjun maí. Áhugasamir geta skoðað verkefnið nánar á heimasíðunni [www.thorraholt.is](http://www.thorraholt.is)

# Þarftu aðstoð heima?

 **sinnum**  
heimapjónusta

Fyrst kynnumst við þér og þínum þörfum, síðan hönnum við sveigjanlega þjónustuáætlun fyrir þig svo þú fáir heimapjónustuna sem þú þarft á að halda.

## Einstök þjónusta eftir þínum þörfum

- ✓ Heimilisaðstoð
- ✓ Umönnun
- ✓ Félagsskapur
- ✓ Útréttingar
- ✓ Þrif
- ✓ Matarinnkaup
- ✓ Undirbúningur máltíða
- ✓ Aðhlyning
- ✓ Liðveisla
- ✓ Lyfjaáminning
- ✓ Félagsleg virkjun

## Sinnum heimapjónusta

- ✓ Einstök umönnun fyrir aldraða
- ✓ Persónuleg og sveigjanleg þjónusta
- ✓ Við mætum þörfum og óskum notenda og aðstandenda

 [sinnum.is](http://sinnum.is)  [sinnum@sinnum.is](mailto:sinnum@sinnum.is)  519 1400   







## ÁSGARÐSLAUG

Infrarauð sauna, 25 m útilaug samtengd við litla barnalaug. Gufubað, heitir pottar og kaldur pottur, líkamsrækt. Góð aðstaða fyrir fatlað fólk.

.....  
**Afgreiðslutími:**

Mánud - föstud kl. 06:30 – 22:00  
Laugard og sunnud kl. 08:00 – 18:00

.....  
**Íþróttamiðstöðin Ásgarður**

Sími: 550 2300  
gardabaer.is



# SUNDLAUGAR

FRÁBÆR AFÞREYING, FJÖR, LÍKAMSRÆKT OG SLÖKUN!

# GARÐABÆJAR



## ÁLFTANESLAUG

Eina öldulaug landsins og stærsta vatnsrennibrautin 10 m há og 80 m löng. Útilaugin er 25 m, innanhúslaug, heitir pottar, buslulaug, gufubað og líkamsrækt. Góð aðstaða fyrir fatlað fólk.

.....  
**Afgreiðslutími:**

Mánud - föstud kl. 06:30 – 22:00 Laugard og sunnud kl. 09:00 – 18:00

.....  
**Breiðumýri, Álftanes,**  
Sími: 550 2350



# Sorg barna - Fyrstu viðbrögð

**Sr. Matthildur Bjarnadóttir prestur í Víðlínaskirkju og verkefnastjóri Arnar-  
ins er um þessar mundir að senda út  
sex greinar sem fjalla um sorg og  
úrvinnslu ungs fólks. Meðfylgjandi er  
fyrsta grein.**

Fyrstu viðbrögð barna þegar þau fá fréttir af missi eða eru viðstödd andlát geta verið margskonar og fara að miklu leyti eftir aðdraganda dauðsfallsins. Ef aðdragandinn er langur og barnið fær að vita tímanlega að líklega muni ástvinur þess deyja á næstunni og hefur tækifæri til þess að kveðja og ræða það sem er að fara að gerast minnkar það áfallið þegar dauðinn knýr svo dyra. Hins vegar getur enginn andlegur undirbúningur komið í veg fyrir áfallið og sorgina sem fylgir því að missa ástvin. Algengustu fyrstu viðbrögðin geta verið áfall og afneitun, skelfing og mótmæli eða tómlæti og lítil tjáning auk þess að stundum er eins og börn fresti viðbrögðum sínum og haldi áfram að gera það sem þau voru von að gera og t.d. biðja um að fá að fara út að leika. Stundum verða hinir fullorðna hissa á viðbrögðum barna þegar þau sýna viðbrögð á borð við tómlæti og vilja til að halda lífinu áfram eins og ekkert hafi í skorist. Þau viðbrögð geta einfaldlega verið afneitun á því sem hefur gerst eða stafað af því að áfallið er svo mikið að sálarlíf barnsins höndlar ekki að bregðast við öllu í einu. Önnur börn bregðast strax við fréttunum á sterkan hátt, taka grátköst og mótmæla hástöfum. Slík grátköst geta komið fram hjá flestum börnum á einhverjum tímapikti. Það skipti mjög miklu máli að börn upplifi ekki að fullorðna fólk sé hissa á viðbrögðum þeirra eða finnst þau óeðlileg. Við stjórnum því ekki hvernig við bregðumst við áfalli, viðbrögð okkar eru að lang mestu leyti mjög ósjálfráð og ungrir

syrgjendur þurfa fyrst og fremst á skilningu og umhyggju að halda. Þau þurfa að finna að þau eru örugg eins og þau eru og eins og þeim líður hjá fullorðna fólkinu sínu.

Börn hafa mikinn hæfileika til þess að hólfa af tilfinningar og það er næstum eins og þeim takist stundum að hleypra bara því magni af tilfinningum að á hverri stundu sem þau ráða við. Við köllum þetta stundum að hoppa í polla, hoppa í og upp úr sorginni. Svo verða þau að stíga á „bremsuna“, fara út úr þeim tilfinningum sem reynast þeim erfðar og gera það sem þeim er eðlilegt að gera hvort sem það er að leika í tölvunni, hitta vini sína eða segja brandara. Þegar barn missir náinn ástvin, sérstaklega foreldri sitt, verður veröldin allt í einu óruggari svo það getur verið haldreipi að halda áfram að hafa lífið eins svipað og það var fyrir missinn. Þar af leiðandi getur það t.d. hentað sumum börnum að fara sem fyrst aftur í skólann og í sína daglegu rútinu.



Þetta óöryggi sem fylgir missi getur orsak- að að barn bregðist við álaginu með því að hverfa aftur tímabundið til fyrra þroskastigs eða taka mjög hröðum framförum í andlegum þroska. Verði annað hvort barnalegra eða of þroskað miðað við aldur.



Sr. Matthildur Bjarnadóttir

Það sem maður vill sjá í öllu þessu álagi er að barnið fái áfram að vera barn eins og mögulegt er, megi fljóta náttúrulega úr einum viðbrögðum í önnur og þurfi ekki að reyna að vera á einhvern hátt viðeigandi eða leika eitthvað hlutverk fyrir fullorðna fólk. Börn tjá sorg mikið í gegnum hegðun svo þau sem bera ábyrgð á börnum þurfa að vera næm á það. Þau sem eru fullorðin verða að vera ábyrgð á börnunum svo að þau þurfi ekki að vera dugleg eða sterk, þau eiga að fá að vera barnaleg áfram og finna að uppeldisaðilarnir eru ekki hræddir við viðbrögðin þeirra heldur höndla barnið eins og það er. Stundum þegar foreldrar kvarta undan því hvað barnið þeirra getur verið erfitt, jafnvel óþekkt og dembir bara öllum sínu stóru tilfinningum filterslaust á foreldri sitt – sem er mjög erfitt þegar foreldri er sjálft undir griðarlegu álagi – þá óska ég foreldrinu til hamingju, þá er augljóst að barnið hefur fullt traust á foreldri sínu og er ekki að tipla á tånunum í kringum það.

Örminn býður upp á stuðning við börn og unglunga sem hafa misst náinn ástvin. arnarvængir.is.

# Skartgripahönnun fyrir alla fjölskylduna



Sunnudaginn 2. febrúar kl. 13 mun Marta Stawarowska gullsmiður leiða smiðju fyrir alla fjölskylduna í Hönnunarsafninu á Garðatorgi 1. Allir ganga skrautlegri út í skammdegildi af þessari skemmtilegu smiðju enda er Marta skartgripahönnuður sem stráir glitri og töfraryki yfir hversdag-

inn. Viðburðurinn er hluti af fjölskyldudag- skrá Hönnunarsafns Íslands sem fer fram mánaðarlega. Leiðbeinendur eru ýmist fagmenntað hönnunar- og handverksfólk sem veita gestum innsýn í sínar greinar.

Aðgangur er ókeypis og öllum opin.

## Öll börn á aldrinum 5-18 ára fá 60.000 krónur í hvatapeninga á árinu 2025

Hvatapeningar hækkuðu úr 55.000 í 60.000 krónur á barn um áramótin. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega.

Hægt er að sækja um 15.000 króna „viðbótahvatapeninga“ í þjónustugátt Garðabæjar ef heildartekjur heimilis eru að meðaltali undir 856.000,- kr. á mánuði hjá einstaklingi, eða 1.049.000,- kr. hjá sambýlisfólki (m.v. launavitölu 1. janúar 2025). Miðað er við meðaltekjur sam-



kvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjú mánuði þegar umsókn er send inn.

Allar nánari upplýsingar má finna á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is.



GARÐABÆR

## Auglýsing um afreksstyrki ÍTG

**Íþrótta og tómstundaráð Garðabæjar auglýsir eftir umsókn um afreksstyrki fyrir einstaklinga og hópa, skv. afreksstefnu ÍTG grein 3.3, á vef bæjarins.**

### Úthlutunarreglur afreksstyrkja

Þeir aðilar, einstaklingar eða lið, sem til greina koma vegna afreksstyrkveitinga skv. gr. 3.3. eru:

- Þeir sem stunda einstaklingsíþróttir með íþróttafélagi í Garðabæ.
- Þeir sem eiga lögheimili í Garðabæ og stunda íþróttir með íþróttafélagi utan Garðabæjar, enda er viðkomandi íþróttagrein ekki stunduð í Garðabæ.

ÍTG getur einnig að eigin frumkvæði komið með tillögur til bæjarstjórnar um styrkveitingar, telji ráðið það eiga við.

Veittir styrkir eru hvatning til frekari framfara og til að mæta útlögðum kostnaði vegna þjálfunar og keppni.

Allir íþróttamenn sem þiggja styrk skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan.

Viðkomandi íþróttamenn skulu jafnframt koma fram í skólum og hjá félögum í bænum sé þess óskað af hálfu ÍTG.

Umsóknir um afreksstyrki skulu berast til íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar fyrir 1. febrúar á þar til gerðum eyðublöðum á „þjónustugátt Garðabæjar“. Með öllum umsóknum skal leggja fram afreksstefnu viðkomandi félags.

Upplýsingar veitir íþróttafulltrúi Garðabæjar  
s. 525 8548 eða karijo@gardabaer.is

## Yndisleg ferð á Tenerife með Lóló fyrir 60+

Dagana 19. mars - 3. apríl nk. býður Úrval Útsýn upp á síðbúna haustferð fyrir 60 ára+ til Tenerife þar sem boðið verður upp á sénsiðna dagskrá fyrir Úrvalsfólk, en Tenerife hefur upp á allt að bjóða sem bestu sólaráfangastaðir geta státað af, veðursæld og einstaka náttúrufergurð. Það kannast sjálfsagt flestir við farastjóra ferðarinnar en það er hún Lóló sem mun halda vel utan um hópinn og stýra ferðinni.

Á meðan dvöl stendur mun Lóló halda úti fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá eins og leikfimi, hreyfingu í vatni, göngutúrum og minigolf ásamt öðrum skemmtilegum upp- ákomum. Þessar ferðir hafa oft selst fljótt upp enda er Tenerife þekkt fyrir einstaka veðursæld, hreinar stendur og fjölbreytta afþreyingu fyrir Úrvalsfólk.

Lóló hefur langa reynslu sem fararstjóri og því eru ferðalangar í góðum höndum hjá henni.

**Þetta er spennandi ferð sem þú ert að fara í til Tenerife í mars og það verður nóg um að vera enda ýmislegt í boði?**

„Já, Tenerife er yndisleg eyja sem gott er að dvelja á, dásamlegt loftslag með þessari góðu hafgölu. Ég er búin að vera með fjölmarga hópa þarna og allir hafa farið alsælir heim. Ég býð upp á alls kyns hreyfingu og skemmtilegheit,“ segir Lóló.

En svona yfir höfuð þá er dásamlegt að dvelja á Tenerife og ekki verra að geta valið úr viðburðum sem hægt er að taka



Það leiðist engum með Lóló

**Þátt í?** „Það er nóg í boði alla daga, hreyfing, sund minigolf o.fl. en það er hvergi skyldumæting, fólk er jú í frii og slökun og hvíld er stærsti parturinn af því,“ segir hún brosandí.

**En hvernig er aðstaðan og hótelið sem þið bjóðið upp á?** „Við dveljum á La Siesta

hótelinu sem er mjög gott 4 stjörnu hótél fyrir miðju á amerísku ströndinni. Hótelið býður upp á frábæran aðbúnað að öllu leyti. Það eru aðeins 200 metrar niður að strönd og mjög stutt í alla þjónustu, veitingastaði, skemmtistaði og verslanir.“

**Ög þetta er ferð fyrir 60 ára og eldri, er þetta ekki skemmilegasti hópurinn til að ferðast með?** „Að halda utan um hópa 60+ eru forréttindi. Þetta er yndislegt fólk sem er komið til að njóta þess sem í boði er, en fyrst og fremst að njóta þessa hlýja loftlags og birtunnar.“

**Svo ferðalangar munu snúa heim endurnærðir eftir skemmtilega dvöl og góðan félagskap?** „Já, heldur betur. Fólk kemur heim endurnært kátt og glatt og hlaðið af nýrri orku, tilbúið að takast á við daglega rútinu heima á Íslandi,“ segir Lóló að lokum en allar nánari upplýsingar er hægt að fá á uu.is.

**Hótél La Siesta er gott 4 stjörnu hótél fyrir miðju á amerísku ströndinni**





ALLIR VELKOMNIR!

ÆFINGAR TIL 31.5.25

# MINI TENNIS

## FJÖR TFK 5-7 ÁRA

FRÍR PRUFUTÍMI!

### TENNISHÖLLIN

Æfingar fara fram í Tennishöllinni. Þar er boðið upp á tennissæfingar fyrir fólk á öllum aldri. Þar er einnig notalegt kaffihús þar sem hægt er að fylgjast með æfingunum!

### ÆFINGATÍMAR

Miðvikudaga 14:30-15:30

Laugardaga 11:30-12:30

Sunnudaga **Fullbókað**

Hægt er að velja æfingatíma!



Skráning og nánari upplýsingar



Tennishöllin í Kópavogi



TFK.is



sindri@tennishollin.is





# Féllum strax fyrir óspilltri náttúrunni sem umlukti hverfið

## - segir Hafliði Kristinsson Garðbæingurinn okkar árið 2024 og formaður íbúasamtaka Urriðholts

Hafliði Kristinsson, fjölskyldu- og hjónabandsráðgjafi, formaður íbúasamtaka Urriðholts og nú Garðbæingurinn okkar 2024 eins og fram kemur á blaðsíðu 4 í Garðapóstinum í dag, hefur með eldmóði og óeigingjörnu sjálfboðastarfi unnið ómetanlegt starf í þágu samfélagsins í Urriðholti. Hann hefur á síðustu árum byggt upp sterkan vettvang fyrir samtal milli íbúa og bæjaryfirvalda og ekki síst tryggt að raddir íbúa heyrist þegar kemur að uppbyggingu og þróun hverfisins.

Í þessu viðtali við Garðbæinginn okkar fáum við aðeins að kynna manninn á bak við þetta óeigingjarna starf, sem hann sennir fyrir íbúa í Urriðholti.

### Næstelstur 11 systkina

Hver er svo Hafliði Kristinsson? „Ég er fæddur árið 1956, næstelstur 11 systkina en foreldrar mínir voru kartöflu- og kúabændur í Þykkvabænum. Einhvern veginn ætlaðist það þannig að ég ílentist hjá móðurafa og ömmu í Reykjavík og þar gekk ég í Austurbæjarskólann, en öll sumur og flest frí frá skóla var ég mættur í Þykkvabæinn. 17 ára fór ég sem skiptinemi til Bandaríkjanna og það ár opnaði mér nýjan heim. Konan mín, Steinunn Þorvaldsdóttir, kemur frá Vestmannaeyjum og við höfum eignast 4 börn, þrjú þeirra eru á lífi en við misstum frumburðinn okkar aðeins tveggja daga gamlan. Í dag eigum við 7 barnabörn og njótum samverunnar við allan hópinn okkar. Fyrir háskólanámið mitt var í guðfræði og um 13 ára skeið var ég prestur í Hvítasunnukirkjunni Filadelfíu. Síðan fluttum við í þrjú ár til Los Angeles þar sem ég lærði hjóna- og fjölskyldumeðferð og síðastliðin 25 ár hef ég starfað sem fjölskylduráðgjafi. Fyrir níu árum bætti ég svo við leiðsögunámi frá Endurmenntun HÍ og hef starfað meðfram ráðgjöfinni sem leiðsögumaður erlendra ferðamanna, auk þess að skipuleggja ferðir með vinum og göngu-félögum víða um heiminn,” segir Hafliði.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að búa þér heimili í Urriðholti, nýju hverfi í Garðabæ sem var í uppbyggingarfasa? „Við höfðum búið okkur heimili í Smáibúðahverfinu í Reykjavík og þegar allir voru fluttir að heiman komur við að líta í kring um okkur að nýri íbúð í fjölbýlishúsi. Mágkona mín og tengdamóðir höfðu þá nýverið fest sér íbúðir í Urriðholti og við fórum að skoða þetta nýja hverfi. Við hrifumst af hugmyndafræðinni bak við uppbyggingu hverfisins og féllum strax fyrir óspilltri náttúrunni sem umlukti hverfið. Svo fundum við þessa dásamlegu íbúð með óhindrað útsýni yfir Urriðavatn og þá var ekki aftur snúið. Við fluttum síðan í Urriðholti í júlímánuði árið 2017 en þá var hverfið enn að miklu leyti óbyggt.



Á heimavelli! Hafliði í Urriðholti og í baksýn blasir Heiðmörkin við

**Upphaf stofnunar íbúasamtakanna má rekja til samstarfs þriggja áhugamanna um plock í hverfinu Hvað leiddi svo til þess að þú varðst formaður íbúasamtaka Urriðholts og fyrir hvað standa þau?** „Upphaf stofnunar íbúasamtakanna má rekja til samstarfs okkar þriggja áhugamanna um plock í hverfinu. Þær Inga Þyrí Kjartansdóttir og Arnheiður Sigurðardóttir voru byrjaðar að halda hverfinu hreinu mitt í öllu plastfokinu frá byggingarsvæðunum og ég gekk í hópinn. Þær höfðu líka heilmiklar skoðanir á því sem betur mætti fara í þessu nýja hverfi og eftir íbúafund með Gunnari, þáverandi bæjarstjóra, beindi hann því til okkar hvort við gætum ekki stofnað íbúasamtök í kringum þennan áhuga okkar. Við tókum hann á orðinu og stofnfundur samtakanna var haldinn 27. maí 2019. Meginmarkmið samtakanna er að efla samhug og samkennd íbúanna, að vera tengiliður milli íbúa og bæjaryfirvalda og að vinna þannig að framfara- og hagsmunamálum í hverfinu.”

**En hvað er það sem hvetur þig helst áfram í starfi þínu fyrir íbúasamtökin og samfélagið í Urriðholti?** „Það sem hvetur mig áfram er gott samstarfsfólk, jákvæð viðbrögð íbúanna og gott viðhorf bæjaryfirvalda til áskorana okkar um það sem betur má fara. Síðan er mjög gefandi að fá að vera þátttakandi í uppbyggingu nýs hverfis og sjá góðar hugmyndir verða að veruleika, eins og til dæmis plockhátíðina okkar að vor.”

**Helstu áskoranir okkar hafa falist í innviðauppbyggingunni**

**Það má segja að þú standir vaktina vakinn og sofinn fyrir íbúa í Urriðholti, hvaða áskoranir hafið þið helst verið að takast á við í Urriðholti og hverjar eru þær helstu í dag núna þegar hverfið er að verða fullbyggt?** „Helstu áskoranir okkar hafa falist í innviðauppbyggingunni og þar var áherslan lengi að flýta sem mest mátti úrræðum fyrir barnafjölskyldurnar. Síðan hafa samgöngumálin verið lengi á dagskrá og örugg tenging Urriðholts við önnur hverfi Garðabæjar að ég tali nú ekki

um tenginguna við Flóttamannavegin. Þegar hverfið er nánast fullbyggt er áherslan á menningu og mannlíf innan hverfisins og hvernig við sem íbúar getum haldið hugsjóninni um umhverfisvænt hverfi gangandi. Við höfum líka viljað efla samheldni og samvinnu innan hverfisins og leitað leiða til að bjóða uppá viðburði sem efla þessa hugsjón.”

**Hef kynnst mikið af góðu fólki**



Hafliði starfar m.a. sem leiðsögumaður og hann hefur gengið 37 sinnum að gosinu í nágrenni Grindavíkur

**Ög þú hefur sjálfsagt lært mikið af því að starfa svona náði með samfélaginu í Urriðholti?** „Það er ótalmargt sem maður lærir við að hella sér út í vinnu í umhverfi sem maður þekkti ekki fyrir. Samtöl við íbúana og bæjaryfirvöld hafa verið gefandi lærdómsferli og ég hef kynnst svo mikið af góðu fólki sem verður bæði að andliti hverfisins og gefur bæjaryfirvöldum mildari ásýn og mikinn vilja til samvinnu. Sjálfboðaliðsstarf er afar gefandi og hefur verið hluti af lífi mínu frá því ég man eftir og mér finnst óhugsandi að vera ekki í einhverju þannig starfi.”

**Ég upplifi afar góðan anda í hverfinu**

**Hvernig lýsir þú anda samfélagsins í Urriðholti, er samheldnin góð og hvað er það sem gerir þetta hverfi að einstökum stað til að búa á?** „Ég upplifi afar góðan anda í hverfinu og mér þykir mjög vænt um hlýjuna og þakklaetið sem fólk lætur í ljósi þegar eitthvað tekst vel eða þegar mikilvægir áfangar eru í höfn. Mér þótti afar vænt um hversu vel íbúarnir tóku á móti flóttafólkinu frá Úkraínu og voru tilbúnir að vera með í verkefnum að útvega þeim það sem þau vantaði til að koma sér fyrir í hverfinu.”

**Hver eru helstu markmiðin þín og íbúa fyrir hverfið næstu árin og hvernig heldur þú að samfélagið geti eflst enn frekar?** „Helstu markmiðin eru að fylgja eftir mikilvægum þáttum sem enn eru á framkvæmdastigi og að halda áfram að þrýsta á um framgang verkefna sem enn hafa ekki orðið að veruleika af þeim mikilvægum draumum sem við höfum verið að berjast fyrir undanfarin ár. Ég vildi gjarnan sjá íbúana nýta innviði

hverfisins til hins ítrasta og njóta á sama tíma þeirra dásamda í náttúrunni allt í kringum okkur.”

**Þetta er sannarlega hvatning til að halda áfram**

**En hvaða áhrif hefur nú þessi viðurkenning, Garðbæingurinn okkar 2024, fyrir þig?** „Mér þykir afar vænt um þessa viðurkenningu, en á sama tíma hugsaði ég hversu margir aðrir hlýtu að vera líklegri til að fá þessa nafnbót því ég hef aðeins búið í Garðabæ í tæp átta ár. Þetta er sannarlega hvatning til að halda áfram á þessari braut og að halda merki Urriðholts á lofti á lokasprettið í uppbyggingu hverfisins.”

**Eru einhverjir þættir í samfélaginu í Urriðholti sem þú telur að gætu verið fyrirmynd fyrir önnur hverfi í Garðabæ?**

„Mér finnst okkur hafa tekist vel til með verkefni sem hafa vakið áhuga íbúa hverfisins og eftir tengsl og samhug. Við erum líka með öflug og góða íbúasíðu á Facebook þar sem íbúar hafa minnt bæði á góða hluti og gert athugasemdir við það sem betur mætti fara.”



Hafliði og Steinunn bjuggu í þrjú ár í Los Angeles þar sem hann lærði hjóna- og fjölskyldumeðferð

dum á framfæri hafi stundum hjálpað til að mál festist ekki í átökum eða þrætum. Ég vona að flestir séu hamingjusamir í Urriðholti en ég held að það sé meira undir hverjum og einum komið þótt umhverfið og gott mannlíf geti augljóslega stuðlað að meiri vellíðan.”

**Hefur mikinn áhuga á útivist, tónlist, íþróttum og kirkjulegu starfi**

**Hvað gerir svo Garðbæingurinn okkar í frítíma sínum annað en að standa vaktina fyrir íbúa í Urriðholti?** „Ég hef áhuga á ótalmörgu utan þess sem ég vinn við dagsdaglega. Ég hef mikinn áhuga á útivist, tónlist, íþróttum og kirkjulegu starfi. Við hjónin eigum góða fjölskyldu og vinahópa sem við göngum á fjöll með og ég hef sungið í gospelkór Filadelfíu í mörg ár. Við eru dugleg að sækja tónleika og við höfum ferðast víða um heiminn bæði í göngu- og menningarferðir. Við erum reyndar á leið til Ítalíu um páskana með börnum og barnabörnum en við reynum að ferðast reglulega með þessum hóp. Síðustu daga höfum við fylgst spennu með gengi íslenska landsliðsins í handbolta, erum alsæl með árangur Liverpool í ensku og ég vona að Kansas City Chiefs vinni NFL ofurskálina. Svo skemmtilega vill til að ég hef skorað stig með „high school“ liðinu mínu á Arrowhead, stóra heimavelli Chiefs, þegar ég var skiptinemi í Kansas City um árið,” segir Hafliði, Garðbæingurinn Okkar brosandí að lokum.

## Hulda María fékk verðlaun á erlendum vettvangi



**Meðfylgjandi er mynd frá afhendingu viðurkenningar til Huldu Maríu Sveinbjörnsdóttur í Spretti fyrir árangur hennar á erlendum vettvangi á síðasta ári.**

Hún náði þeim frábæra árangri á Norðurlandamóti íslenska hestsins að verða í 3. sæti í fimmgangi, 3. sæti í gæðingaskeiði og 2. sæti í samanlögðum árangri í fimmgangsgreinum í ungmennaflokki.

Á sama móti náði Herdís Björg Jóhannsdóttir Spretti 2. sæti í slaktaumatöli einnig í ungmennaflokki.

Umfjöllun um árangur þeirra féll því miður niður á íþróttahátíð Garðabæjar á dögunum.

Með Huldu Maríu á myndinni er Hrnann Bragi Eijólfsson formaður ÍTG.



Hafliði ásamt Arnheiði (l.t.v.) og Ingu Þyrí



# SAFNA

# NÓTT

7. febrúar 2025

## Bókasafn

## Garðabæjar

kl. 17 – 20

Skólakór Sjálandsskóla

Fjölskyldubingó

Spákona býður upp á  
örspá

Jazztrío Margrétar Eirar

## Hönnunarsafn Íslands

kl. 20 – 22

Opnun sýningarinnar  
Barbie fer í  
Hönnunarsafnið

Ljótikór syngur lög eftir  
Spilverk þjóðanna

Dansað með Siggú Soffíu,  
DJ og diskókúlu

[vetrarhatid.is](http://vetrarhatid.is)  
#vetrarhatid

HLJÓÐX



VETRARHÁTÍÐ





## Prusufjör á Þorrablóti Stjórnunnar

Það var stuð og brjáluð stemmning á árlegu þorrablóti Stjórnunnar sem haldið var á sjálfan bóndaginn sl. föstudag í Mýrinni.

Félagarnir Auddi og Steindi sáu um veislustjórn og þeir voru búnir að kveikja í

mannskapnum vel fyrir veislumatinn, sem var í höndum þeirra Hinriks Arnars Lárússonar og Víktors Arnars Andrésonar hjá Lúx veigingum, en eins og nafnið gefur til kynna þá stendur Lux veitingar fyrir lúxus, gæði og fyrsta flokks þjónustu og þeir félagar stóðu að sjálfsgöðu vel undir nafni.

Hrafnkell stýrði fjöldasöngnum af festu ásamt fjölskyldumeðlimum. Magnús Magnússon eða Maggi diskó hjá Diskótekinu Dísu „þeytti skífum“ og kom liðinu á dansgólfið á milli atriða. Sigga Beinteins og hljómsveitin Bandmenn sáu síðan til þess að gestir dönsuðu og trölluðu fram eftir nóttu.





# TAKK FYRIR OKKUR

- ÞORRABLÓT STJÖRNUNNAR -



**Er ferming, útskrift eða brúðkaup framundan?**

Sama hvert tilefnið er þá vitum við  
að þín veisla á aðeins það besta skilið.

**LUX**  
— VEITINGAR —

[luxveitingar.is](http://luxveitingar.is)

Hafðu samband og fáðu tilboð  
í draumaveisluna þína!



Hjá okkur getur þú einnig leigt  
sal fyrir allt að 150 manns







# Álftaneskórinn getur bætt við sig söngfólki



Álftaneskórinn getur bætt við sig söngfólki, en kórinn æfir að Brekkuskógum 1 á Álftanesi á mánudögum kl. 17:30-19:00 frá september fram í maí

Álftaneskórinn er blandaður kór sem hefur starfað á Álftanesi í rúm 40 ár. Kórinn syngur við athafnir í Bessastaðakirkju og Garðakirkju en heldur einnig hefðbundna vortónleika. Kórinn æfir og syngur bæði veraldlega og kirkjulega tónlist. Kórstjóri er Ástvaldur Traustason, organisti Bessastaðasóknar. Kórinn æfir að Brekkuskógum 1 á Álftanesi á mánudögum kl. 17:30-19:00 frá september fram í maí. Næstu vortónleikar eru áætlaðir 30. apríl 2025 í

Garðakirkju. Á dagskrá tónleikanna verða íslensk og erlend sönglög. Stefnir er að því að fá tvo hjóðfæraleikara til þess að leika með kórnum á tónleikunum.

#### Upplýsingar gefa:

Formaður kórsins,  
**Sigrún Helgadóttir, s: 864 7575**  
Kórstjóri,  
**Ástvaldur Traustason, s: 896 9828**

## Vefmiðill Gardapóstsins

[www.kgp.is](http://www.kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Twitter.com/Gardapostur](https://twitter.com/Gardapostur)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

# Það er fjör í Fjörinni

Ný félagsmiðstöð fyrir 7. bekkinga í Flataskóla

Ný félagsmiðstöð fyrir 7. bekkinga var opnuð í Flataskóla fyrir áramót. Það er Áskell Dagur og Kolbrún Helga Arnarsdóttir sem hafa umsjón með starfinu í félagsmiðstöðinni. Þau þekkja nemendurna vel en Áskell er forstöðumaður Krakkakots, fristundaheimilis Flataskóla og Kolbrún starfar einnig þar sem fristundaleiðbeinandi.

#### En hvað heitir nýja félagsmiðstöðin?

„Við völdum nafn sem kom frá krökkunum. Eftir margar tillögur og hugmyndir varð nafnið Fjaran fyrir valinu. Helsta ástæðan fyrir valinu var slagorðið Það er fjör í Fjörinni,“ segir Áskell Dagur.

#### Mætingin alltaf yfir 80%

„Það er rosaleg gleði meðal ungmennanna með þessa nýjung. Það sést á mætingunni. Við erum með mætingarlista sem að krakkarnir skrá sig inn á þegar þau mæta og hefur mætingin alltaf verið yfir 80% af fjölda ungmennanna. Krakkarnir hafa verið að biðja mikið um þetta síðastliðna mánuði og ár,“ segir hann.

#### Ýta undir sjálfstæði og bjóða upp á fjölbreytta starfsemi, félagslegt öryggi og vellíðan

**Spurður út í helstu áherslur í starfinu segir Áskell Dagur:** „Helstu áherslurnar okkar eru að ýta undir sjálfstæði, bjóða upp á fjölbreytta starfsemi, félagslegt öryggi og vellíðan. Við viljum stuðla að því að ungmennin fái tækifæri til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri. Við sérsníðum dagskrána eftir þörfum og áhuga þátttakenda og virkjum þau í mótun á starfseminni. Við viljum efla sjálfsmynd og sjálfstraust ungmennanna og byggja upp jákvæð tengsl við jafningja og starfsfólk.“



#### Félagsmiðstöð mikilvægur hluti af þroska barna

Áskell Dagur bendir á að félagsmiðstöðin eigi að vera skemmtilegur staður fyrir krakkana, þeirra afdrep til að njóta og skemmta sér. En hún er líka mikilvægur vettvangur fyrir nemendurna hvað svo margt annað varðar. „Markmið mitt er að krakkarnir eignist sinn eigin stað innan veggja skólans þar sem þau geta

komið að „chilla“, spjallað við vini sína og starfsmenn, prófað nýja og skemmtilega hluti og fyrst og fremst haft gaman og verið þau sjálf í öruggu umhverfi. Félagsmiðstöð er samt ekki bara staður fyrir skemmtun, hún er líka mikilvægur hluti af þroska barna á þessum aldri og hjálpar þeim að verða sterkari félagslega og persónulega. Það er fjárfesting í vellíðan og framtíð barnsins,“ segir Áskell að lokum.



GARÐABÆR

# HVAT APENINGARNIR HAFNA HÆKKAD Í 60.000 KR

Allar nánari upplýsingar á [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



# MENNING Í GARÐABÆ

## DAGSKRÁ

## FEBRÚAR

# BÓKASAFN GARÐABÆJAR

### Viðburðir

Laugardagur 1. febrúar  
kl. 11.15

## SÖGUR OG SÖNGUR

með Þórönnu Gunný. Fjörug sögu- og söngstund fyrir börn á aldrinum 2-6 ára.

kl. 12

## FJÖLSKYLDUJÓGA

Anna Rósa Lárusdóttir höfundur bókarinnar Jógastund. Þátttakendur komi með eigin jógamottur.

### Safnanótt

Föstudagur 7. febrúar  
kl. 17-20

## BINGÓ, SPÁKONA OG JAZZ MEÐ MARGRÉTI EIR

Skólakór Sjálandsskóla syngur nokkur lög, fjölskyldubingó með flottum vinningum, Katrín Sjöfn spákona með örspá. Tónleikar með Jazztríói Margrétar Eirar kl. 19.

Þriðjudagur 11. febrúar  
kl. 18

## NÁTTFATASÖGUSTUND

Sögustund fyrir 3 - 7 ára á náttfötunum.

### Vetrarfrí grunnskólanna

17. - 20. febrúar

## FJÖR Í FRÍ

Föndur, bíó, barnajóga og fleira skemmtilegt fyrir krakka í vetrarfrí. Boðið upp á dagskrá á Bókasafninu Garðatorgi 7 og á Alftanessafni.

27. febrúar  
kl. 10.30

## UNGBARNANUDD

Sýnikennsla og fræðsla með Hafðísi Ósk Jónsdóttur.

### Tónleikar

Miðvikudagur 5. febrúar  
kl. 12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar

## FRUMFLUTNINGUR Á TÓNSMÍÐUM EFTIR JOHN SPEIGHT

SVEINBJÖRG  
VILHJÁLMS-  
DÓTTIR píanó &  
MARTIN  
FREWER fíðla

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og safnanevndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar.

# HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

### Sýningar

Fastasýning

## HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þaðan.

Pallurinn

23. janúar - 23. mars

## FALLEGUSTU BÆKUR Í HEIMI 2024

FÍT í samstarfi við Hönnunarsafnið stendur fyrir sýningunni. Stiftung Buchkunst, þýsk samtök tileinkuð bókahönnun, hafa frá árinu 1963 veitt verðlaun fyrir bókahönnun víðsvegar um heiminn.

Safnið á röngunni

16. janúar - 18. maí

## UNNDÓR EGILL JÓNSSON

Húsgögn úr tré þar sem náttúrulegum og manngerðum formum er teft saman. Sýningin er liður í HönnunarMars.

Vinnustofudvöl

16. janúar - 27. apríl

## ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR

Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður sem er þekkt fyrir Pyropet kertin og Sasa klukkuna en verk hennar eru drifin áfram af forvitni, tilraunagleði og áhuga á hefðum, efnum og aðferðum.

### Viðburðir

Sunnudagur 2. febrúar  
kl. 13

## SKART- FJÖLSKYLDUSMIÐJA

Marta Staworowska gullsmiður stráir glitri og töfraryki í skartgripasmiðju.

### Safnanótt

Föstudagur 7. febrúar  
kl. 20 - 22

## BARBIE OG DANS Á HÖNNUNARSAFNINU

Opnun sýningarinnar Barbie fer á Hönnunarsafnið og Ljótikór syngur lög eftir Spilverk þjóðanna. Dans með Siggú Soffiu og DJ-Ívari Pétri hefst kl. 21.15.

Miðvikudagur 12. febrúar  
kl. 12.15

## HÁDEGISHITTINGUR

með Þórunni Árnadóttur vöruhönnuði sem býður uppá notalegt spjall, kaffi og kleinur.

Sunnudagur 16. febrúar  
kl. 13

## ERINDI

Unndórs Egils Jónssonar myndlistarmanns

### Vetrarfrí grunnskólanna

17. - 20. febrúar

## NOTALEGT Í FRÍINU

Sýningin Barbie fer á Hönnunarsafnið og notaleg samvera og sköpun í Smiðjunni, ókeypis aðgangur fyrir fullorðna í fylgd með börnum.

## MINJA- GARÐURINN Á HOFSTÖÐUM

við Kirkjulund

Skyggnist inn í fortíðina og upplifið lífið í landnámsskálanum með aðstoð margmiðlunarsjónauka. Ný sýning sem byggir á fornleifarannsóknnum á staðnum.

## AFTUR TIL HOFSTAÐA

Garðatorgi 7

Margmiðlunarsýning sem spannar sögu Garðabæjar frá upphafi landnáms til okkar daga.



Upplýsingar um einstaka viðburði má finna á Facebooksíðu Garðabæjar, Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns Garðabæjar.